

Fundur NOS

haldinn í Hveragerði þriðjudaginn 15. febrúar 2022 kl. 9:30

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson Sylvía Karen Heimisdóttir, og Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls sem var í fjarfundi. Elliði Vignisson tilkynnti forföll.

Dagskrá:

1. Starfshlutfall og launmál.
2. Skjalavistunaráætlun og persónuverndarstefna SVÁ.
3. Farsældarteymi Árneshvíls- kynning.
4. Reglur um félagslega stoðþjónstu.
5. Starfsdagur NOS og SVÁ 2022
6. Umdæmisráð Barnaverndar
7. Úttekt SVÁ
8. Fundaráætlun NOS
9. Önnur mál.

1. Starfsmannamál, starfshlutfall og launamál.

Farið yfir erindi frá forstöðumanni varðandi launakjör. Samþykkt að fresta ákvarðanatöku til næsta fundar.

Lögð fram drög að uppfærðri starfslýsingu forstöðumanns. Samþykkt að vinna málið áfram og fresta ákvarðanatöku til næsta fundar.

Kynnt drög að nýrri starfslýsingu fyrir verkefna/deildarstjóra í barnavernd. Farið yfir drögin og breytingar á launkjörum tengdum því. Samþykkt að fresta ákvarðanatöku til næsta fundar.

Farið yfir erindi frá forstöðumanni um að auka starfshlutfall kennsluráðgjafa skólaþjónustu í 100% frá 1. mars. nk. Samþykkt að fresta ákvarðanatöku til næsta fundar.

Beiðni um hækkun starfshlutfalls ritara/þjónustufulltrúa tímabundið frá 1. mars – 31. júlí 2022 úr 50% í 100%. Farið yfir þau verkefni sem liggja fyrir. Í ljósi þess að um tímabundið átaksverkefni er að ræða er samþykkt að hækka starfshlutfallið í 100% frá 1.mars til 31.júlí 2022.

2. Skjalavistunaráætlun SVÁ og persónuverndarstefna.

Framkvæmdarstjóri fór yfir skjalavistunaráætlun SVÁ og persónuverndarstefnu SVÁ. Skjalavistunaráætlun samþykkt með þeirri breytingu að gert verið ráð fyrir möguleika á rafrænum skilum.

Persónuverndarstefna SVÁ samþykkt með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

3. Farsældarteymi Árneshings.

Forstöðumaður fór yfir hugmyndir af stýrihóp og farsældarteymum sem vinni að innleiðingu á farsældarfrumvarpinu. Lagt er upp með að teymin verði 3, eitt á hverju félagsþjónustusvæði. Samþykkt að forstöðumaður vinni áfram að þessari hugmynd í samráði við starfsmenn.

4. Reglur um félagslega stoðþjónustu.

Forstöðumaður kynnti reglur um félagslega stoðþjónustu. Samþykkt að reglurnar verði lagðar fyrir Skóla- og velferðarnefnd til skoðunar.

5. Starfsdagur NOS og SVÁ 2022.

Lögð fram tillaga um sameiginlegan starfsdag NOS og SVÁ haust 2022. Stjórnin telur hugmyndina góða og gott fyrir nýja nefndarmenn að komast inn í starfið með sameiginlegum starfsdegi.

6. Umdæmisráð Barnaverndar.

NOS hefur borist bókanir frá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga SVÁ varðandi erindi frá SASS um stofnun umdæmisráðs barnaverndar. Stjórn er sammála um að umdæmisráð megi ekki vera minna en sem svarar til starfssvæðis SASS og trúlega stærra. Við hvetjum formann og framkvæmdarstjóra SASS og Sambands ísl sveitarfélaga til að vinna að stofnun umdæmaráðs/ráða.

7. Úttekt SVÁ

Skýrsla um úttekt á starfsemi SVÁ liggur fyrir. Samþykkt að fresta umræðu um skýrsluna til vinnufundar sem haldinn verður í mars.

Samþykkt að skýrslan verði send til aðildarsveitarfélaganna til kynningar og umræðna til undirbúnings fyrir vinnufundinn.

8. Fundaráætlun NOS.

Samþykkt að halda vinnufund föstudaginn 11.mars frá kl 13 í Grímsnes-og Grafningshrepp. Mikilvægt er að á hann mæta aðal- og varamenn í NOS.

9. Önnur mál.

Uppgjör ársins 2021: Formaður fór yfir fjárhagsniðurstöðu ársins 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari